

Miðvikudaginn 14. september 1994.

Nr. 276/1992.

**Jón Baldursson**

(sjálfur)

gegn

**Þorsteini Geirssyni**

**vegna Gólfslípunar og akrýlhúðunar sf.**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Verksamningur. Vinnulaun. Skriflegur málf lutningur.

### **Dómur Hæstarétar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi, sem flytur mál sitt sjálfur, skaut því til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1992. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breytingu á 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála var mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, tók stefndi að sér að leggja parket á íbúð áfrýjanda fyrir 840 krónur á tímann. Verkið vann stefndi ásamt aðstoðarmanni dagana 9. til 11. nóvember 1988. Krafðist hann greiðslu fyrir 70 tíma vinnu við parketlögna. Áfrýjandi tók saman tímana, sem verkið tók, og telur þá hafa verið 53. Stefndi gerði ekki sundurliðaðan vinnulista, en áætlaði, að 6 tímar hefðu farið í ferðir sínar og aðstoðarmannsins til og frá heimili áfrýjanda. Ágreiningur aðila hér fyrir dómi er um það, hvort stefndi og aðstoðarmaður hans hafi unnið í matar- og kaffitímum.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms var háð vitnamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem skýrsla var tekin af tveimur vitnum vegna ágreinings þessa. Annað þeirra, Valtýr Sker, hafði áður borið vitni í málinu. Hann hafði unnið við málningu í íbúð áfrýjanda á framangreindum tíma, og fullyrti hann, að stefndi og aðstoðarmaður hans hefðu alltaf farið út í mat í hádeginu. Hitt vitnið var Þorkell

Ingi Úlfarsson, aðstoðarmaður stefnda. Hann kvað þá yfirleitt hafa farið heim til sín í hádeginu, en stundum út í „sjoppu“. Framburður þessi bendir til þess, að stefndi og aðstoðarmaður hans hafi ekki unnið matartímamann. Gegn andmælum áfrýjanda verður að telja ósannað, að matar- og kaffitímar hafi verið unnir, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnda.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 40.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Jón Baldursson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Þorsteins Geirssonar vegna Gólfslípunar og akrýlhúðunar sf.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 40.000 krónur.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1992.**

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. apríl 1992 að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 2. apríl 1991, af Þorsteini Geirssyni vegna Gólfslípunar og akrýlhúðunar sf., kt. 250749-2879, Nesbala 25, Seltjarnarnesi, gegn Jóni Baldurssyni, kt. 130238-3519, Heiðargerði 64, Reykjavík.

##### II.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 15.180 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá 1. desember 1988 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

##### III.

Málsatvik eru þau, að dagana 9.–11. nóvember 1988 lagði Þorsteinn Geirsson ásamt aðstoðarmanni sínum parket í íbúð stefnda að Heiðargerði 64 í Reykjavík. Óumdeilt er, að samið var um, að stefnandi fengi í jafnaðarlaun 840 kr. á tímann. Fyrir vinnu þessa var af hálfu Gólfslípunar og akrýlhúðunar sf., sem stefnandi kveður vera óskráð sameignarfélag þeirra Þor-

steins og Sigurðar Geirssona, gerður reikningur nr. 153, dagsettur 9. nóvember 1988, að fjárhæð 62.702 kr. Sundurliðast reikningurinn þannig:

Parketlögn	70 tímar	á 840 kr.,	samtals	kr.	58.800
Efni				„	2.552
Akstur	3 ferðir	á 450 kr.,	„	„	1.350

Stefndi kveðst hafa ásamt sambýliskonu sinni, Hermínu Benjamínsdóttur, tekið saman tímana, sem verkið hafi tekið, og hafi þeir verið samtals 53.

Pegar að uppgjöri hafi komið, hafi hann því neitað að greiða reikning stefnanda, sem geri ráð fyrir 70 tímum. Hinn 25. nóvember 1988 hafi hann „deponerað“ 47.522 krónum til greiðslu á ofangreindum reikningi.

Greiðsla stefnda sundurliðast þannig samkvæmt fram lagðri kvittun fyrir geymslugreiðslunni:

Vinna við lagningu parkets,	53 klst.,	samtals	kr.	44.520
Efni sótt á bíl				450
Efni				2.552

Er stefnufjárhæð máls þessa mismunur reikningsfjárhæðarinnar og geymslufjárins, þ. e. 15.180 krónur.

Á fram lagðri kvittun fyrir geymslugreiðslunni á dskj. nr. 7 segir, að greiðsluna skuli afhenda Prifafli v/Þorsteins og Sigurðar Geirssona, en óumdeilt er í máli þessu, að geymslufé þetta gekk til greiðslu á umstefndum reikningi.

Þorsteinn Geirsson, annar eigenda stefnanda, kom fyrir dóminn og skýrði svo frá, að hann og aðstoðarmaður sinn hefðu báðir unnið í 10 klst. 9. nóvember, í 11 og 1/2 klst. 10. nóvember og í 13 og 1/2 klst. 11. nóvember 1988, samtals 35 klst. hvor. Heildartímafjöldinn hefði því verið 70 klst. Kvað hann þar með talinn þann tíma, sem það hefði tekið sig og aðstoðarmann sinn að fara frá starfsstöð stefnanda að Nesbala 25, Seltjarnarnesi, að heimili stefnda að Heiðargerði 64 í Reykjavík og til baka dag hvern. Hann kvaðst hafa ásamt aðstoðarmanni sínum unnið í matar- og kaffitímum, þó ekki öllum matartímum. Hann kvaðst ekki hafa gert sundurliðaðan vinnu- lista og því ekki tekið sérstaklega saman, hversu margir tímar fóru í ferðir sínar og aðstoðarmanns síns til og frá heimili stefnda. Spurður um það kvaðst hann áætla, að það hefðu verið sex tímar.

Við munnlegan flutning málsins kom einnig fram af hálfu stefnanda, að samkvæmt umstefndum reikningi væri krafist greiðslu aksturskostnaðar vegna þriggja ferða, og væru tvær þeirra vegna aksturskostnaðar við að koma á staðinn og fara, en ein ferð hefði verið farin eftir efni.

## IV.

Stefnandi kveður stefnda bera sönnunarbyrðina fyrir því, að reikningur sinn sé ósanngjarn samkvæmt meginreglu 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Stefndi hafi ekki hnekkst reikningi stefnanda með mati dómkvaddra matsmanna eða annarra óvilhallra matsmanna, og því verði hann að bera hallann af sönnunarskorti í þessu efni.

Stefnandi kveður krafist greiðslu verkkaups fyrir þann tíma, sem farið hafi í verkið, þ. e., frá því að lagt var af stað frá starfsstöð stefnanda, þar til þangað var komið aftur að loknum vinnudegi umrædda þrjá daga. Kveður stefnandi það tíðkað hjá iðnaðarmönnum að selja vinnu sína út á þennan hátt. Einnig kveður stefnandi kröfu sína um greiðslu aksturskostnaðar vegna ferða til og frá heimili stefnda byggða á venju hjá iðnaðarmönnum. Þótt framangreindar venjur teljist ekki sannaðar, sé það gagnaðila að sýna fram á, að krafa stefnanda sé ósanngjörn. Bendir stefnandi á, að greiða hafi þurft aðstoðarmanni fyrir allan þann tíma, sem farið hafi í verkið samkvæmt framansögðu.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að líta beri á móttöku sína á geymslugreiðslu stefnda sem viðurkenningu sína á því, að stefndi hefði með henni innt af hendi fullnaðargreiðslu. Slíkt samræmist ekki tilgangi geymslugreiðslu samkvæmt l. nr. 9/1978. Þá hafi ekkert slíkt skilyrði verið sett fyrir móttöku geymslugreiðslunnar, sbr. fram lagða kvittun fyrir geymslugreiðslunni.

Stefnandi kveðst styðja kröfur sínar við almennar reglur samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir fjárskuldbindinga. Stefnandi vísar til áðurgreindrar meginreglu 5. gr. l. nr. 39/1922 svo og til meginreglu 12. gr. sömu laga um gjalddaga. Um dráttarvexti er vísað til 9. og 10. gr. laga nr. 25/1987 og um rétt til að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól til 12. gr. sömu laga. Um málskostnað er vísað til l. mgr. 175. gr., sbr. l. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og um rétt til dráttarvaxta af málskostnaði til 2. mgr. 175. gr. sömu laga.

Stefndi kveður sýknukröfu sína byggjast á því, að hann hafi þegar greitt stefnanda að fullu, þ. e. umsamin laun, 840 kr. á klst. fyrir hvorn starfsmann um sig, samtals 53 klst., sem stefndi kveður verkið hafa tekið Þorstein og aðstoðarmann hans. Einnig hafi hann greitt efniskostnað og aksturskostnað vegna einnar ferðar, sem farin hafi verið eftir efni. Stefndi kveðst hafa álitid, að með því að stefnandi hafi leyst út geymsluféð, sem hann hafi „deponerað“ 25. nóvember 1988, hefði stefnandi þar með viðurkennt tímafjölda stefnda, þ. e. 53 tíma, og jafnframt kveðst stefndi hafa talið það fullnaðargreiðslu fyrir verkið.

Stefndi kveðst og byggja sýknukröfu sína á framburði Walters Schevings, en hann hafi málað íbúðina að Heiðargerði á sama tíma og parketið var lagt. Hafi hann komið fyrir dóminn og borið um það vitni, að Þorsteinn og aðstoðarmaður hans hefðu komið á sama tíma og hann á morgnana, um kl. 9.00, en þeir hefðu alltaf farið langt á undan honum á kvöldin, um kl. 18.00. Sjálfur hefði hann yfirleitt unnið til kl. 21.00 á kvöldin. Einnig kveðst stefndi styðja kröfu sína við framburð sambýliskonu sinnar, Hermínu Benjamínsdóttur, sem staðfest hafi fyrir dómnum, að tímafjöldi stefnda væri réttur.

Stefndi kveður hvorki hafa verið um það samið, að hann greiddi fyrir þann tíma, sem færi í ferðir til og frá heimili sínu dag hvern, né að hann greiddi aksturskostnað stefnanda við að koma á staðinn og fara. Mótmælir hann því, að slíkt tíðkist meðal iðnaðarmanna.

Stefndi kveður það ekki rétt vera, að Þorsteinn og aðstoðarmaður hans hafi unnið í matartímum. Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi ekki framvísað sundurliðuðum vinnulista.

## V.

Samkvæmt meginreglu 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 ber stefnda að sanna, að endurgjald það, er stefnandi krefur hann um fyrir verk sitt, sé ósamngjarnt. Stefndi hefur ekki látið fara fram mat dómkvaddra eða annarra óvilhallra manna á verkinu. Stefndi hefur hins vegar leitt fyrir dóminn tvö vitni, sambýliskonu sína, Hermínu Benjamínsdóttur, og Walter Scheving, er var við störf í íbúð stefnda umrædda daga.

Sambýliskona stefnda staðfesti fyrir dómnum, að tímafjöldi stefnda væri réttur. Vegna tengsla vitnisins og stefnda og augljósra hagsmuna þess af málsúrslitum þykir hins vegar ekki unnt að leggja framburð vitnisins til grundvallar í máli þessu.

Framburður vitnisins Walters Scheving er rakinn hér að framan. Er hann í ósamræmi við yfirlit stefnda sjálfs á dskj. nr. 8, en þar hefur stefndi skráð, að 10. nóvember hafi annar parketlagningarmannanna farið kl. 19.00, en hinn kl. 20.30, og 11. nóvember hafi annar þeirra farið kl. 22.00. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa skráð tíma þeirra Þorsteins og aðstoðarmanns hans. Vegna framangreinds ósamræmis þykir ekki unnt að byggja á framburði vitnis þessa.

Stefndi hefur mótmælt því, að samið hafi verið um, að hann greiddi fyrir þann tíma, sem færi í ferðir til og frá heimili sínu, eða fyrir aksturskostnað stefnanda við að koma á staðinn og fara. Stefnandi kveður það venju meðal iðnaðarmanna að selja vinnu sína út á þennan hátt.

Almennt er aðeins hægt að krefjast launa, frá því er raunveruleg vinna hefst, þ. e., frá því að komið er á vinnustað, nema um annað hafi samist sérstaklega eða venja hafi skapast í aðra átt. Stefnandi ber sönnunarbyrðina fyrir því, að slík almenn venja hafi skapast meðal iðnaðarmanna, en honum hefur ekki tekist sú sönnun í máli þessu.

Ekki er fallist á það með stefnda, að líta beri á móttöku stefnanda á geymslufé hans sem viðurkenningu stefnanda á því, að um fullnaðargreiðslu af stefnda hálfu væri að ræða, enda ekkert slíkt skilyrði sett fyrir móttöku geymslufjárins.

Með tilliti til ákvæða 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup ber því samkvæmt framansögðu að fallast á kröfu stefnanda um greiðslu á eftirstöðvum reiknings hans fyrir lagningu parketsins að frádregnum launum fyrir þá sex tíma, sem annar eigenda stefnanda bar hér fyrir réttinum, að hefðu farið í ferðir sínar og aðstoðarmanns síns milli starfsstöðvar stefnanda og heimilis stefnda. Ekki þykir óvarlegt að leggja tölu þessa til grundvallar í máli þessu, þar sem hún virðist rúmlega áætluð. Einnig ber að draga frá stefnufjárhæðinni 900 kr. vegna aksturskostnaðar stefnanda til og frá heimili stefnda. Niðurstaða máls þessa er því sú, að stefndi greiði stefnanda 9.240 kr. með dráttarvöxtum, eins og krafist er í stefnu og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum og með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Baldursson, greiði stefnanda, Gólfslípun og akrýlhúðun sf., 9.240 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1988 til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. desember 1989.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.